

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Ísafjörður 23. mars 2021
UST202004-299/K.Ó.J.
09.04.08

Efni: Grenndarkynning og byggingarleyfi vegna þjónustuhúss á Hesteyri

Umhverfisstofnun óskar hér eftir byggingarleyfi til að byggja 47,5 m² þjónustuhús ásamt 8 m² salernishúsi á Hesteyri. Svæðið sem óskað er eftir byggingarleyfi á er á óskiptu landi innan til við Hesteyrará.

Hesteyri er óneitanlega anddyrið að friðlandinu á Hornströndum. Mjög mikilvægt er að hafa þar landvörð sem getur tekið á móti fólki og frætt það um svæðið, reglur þess, hættur og dásemdir. Undanfarin ár hefur fjöldi gesta sem heimsækja Hesteyri verið um 3500 á ári, þar sem reyndar stærsti hluti þeirra eru dagsferðamenn en rúmlega 1000 manns eru tjaldferðamenn, með viðkomu á Hesteyri.

Landverðir sem eru staðsettir á Hesteyri vinna að því að taka vel á móti gestum svæðisins bæði með fræðslu um náttúru svæðisins, sögu og ástand, en ekki síður með því að sjá til þess að svæðið sé í stakk búið til að taka á móti gestum. Stígum er haldið við og þeir snyrtir, séð um að hvergi sé rusl að sjá og hreinlætisaðstaða hrein. Reynt er að ná á alla þá gesti sem hyggja á lengra ferðalag og farið yfir ferðaplön, reglur og öryggisatriði, allt háð aðstæðum hverju sinni. Oftar en ekki er ferðatilhögunum breytt ef veðurspá er slæm eða a.m.k. farið yfir búnaðinn þannig að öryggi gestanna sé með besta móti.

Í Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar frá árinu 2010 kemur fram að á svæði V23, Ú64, Hesteyri, sé gert sé ráð fyrir þjónustu landvarðar, einfaldri þjónustumiðstöð, gistiaðstöðu og tjaldsvæðum með hreinlætisaðstöðu og vatnssalernum.

Hreinlætismál hafa verið í miklum ólestri á tjaldsvæðinu á Hesteyri, en þar er eingöngu að finna einn kamar. Kallað hefur verið eftir umbótum í nokkurn tíma og er hér gert ráð fyrir að í tengslum við þjónustuhúsið verði sett upp frístandandi salernishús á sömu lóð og þjónustuhúsið, með þremur vatnssalernum.

Á Hesteyri hafa landverðir ekki haft húsaskjól og hafa í slæmum veðrum þurft að reiða sig á góðmennsku heimamanna um gistingu. Í júlí s.l. var veður til að mynda þannig á svæðinu að engin tjöld stóðu upprétt. Landvörðurinn fékk inni í

Læknishúsinu, en hefði það verið fullt af gestum hefði þetta getað orðið flóknara. Í þjónustuhúsinu er gert ráð fyrir herbergi fyrir einn landvörð, en að auki svefnlofti þar sem hægt væri að hýsa fleiri landverði og/eða sjálfboðaliða sem koma til að vinna á svæðinu.


Þar sem bygging þjónustuhúss á Hesteyri er í samræmi við landnotkun og byggðamynstur óskar Umhverfisstofnun eftir því að skipulagsnefnd láti fara fram grenndarkynningu til samræmis við grein 5.9.1 í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Nú þegar hefur verið haft samband við Minjastofnun Íslands sem fyrir sitt leyti samþykkir þessa staðsetningu, en þar sem fornleifaskráning hefur ekki farið fram á svæðinu mun fornleifafræðingur verða viðstaddur allan uppgröft, bæði vegna stöpla undir húsið og vegna rotþrónnar. Framkvæmdin er afturkræf að öllu leyti og mun jarðraski vera haldið í lágmarki.

Umhverfisstofnun telur að hagsmunaaðilar byggingarinnar séu land- og húseigendur á Hesteyri. Umhverfisstofnun hefur rætt við stóran hluta hús- og landeigenda á svæðinu um fyrirhugaða framkvæmd án þess þó að nokkurt samkomulag hafi verið gert. Í þeim samtölum var þó alltaf gert ráð fyrir að húsið myndi standa neðar í landinu, nánar tiltekið í karftöflugörðunum sem eru rétt fyrir ofan götuna sem liggur inn fjörðinn. Minjastofnun féllst hins vegar ekki á þann byggingastað en samþykkir staðsetninguna sem hér er óskað eftir, enda verði uppgröfur unnin í samstarfi við fornleifafræðing.

Jafnframt var farið yfir byggingauppdrætti í Hornstrandanefnd á fundi nefndarinnar þann 23. mars 2021.

Meðfylgjandi eru byggingauppdrættir og teikningar af þjónustuhúsi og salernishúsi.

Virðingarfyllst



Kristín Ósk Jónasdóttir
Svið náttúru